

REGLUR

fyrir samvinnunefnd um skipulagsmál Keflavíkur, Njarðvíkur og Keflavíkurflugvallar.

1. gr.

Samvinnunefnd um skipulagsmál Keflavíkur, Njarðvíkur og Keflavíkurflugvallar, hér eftir kölluð skipulagsnefnd, er svo skipuð að í henni eiga sæti 8 menn.

Skipulagsstjórn ríkisins skipar formann nefndarinnar, bæjarstjórn Keflavíkur, hreppsnefnd Njarðvíkur og varnamáladeild utanríkisráðuneytisins skipa hver um sig tvo fulltrúa. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt. Nefndin kýs sér ritara og vararitara úr sínum hópi.

2. gr.

Hlutverk nefndarinnar er að vinna að samræmingu á skipulagi svæðis þess, sem tekur yfir umrædd sveitarfélög og flugvallarsvæðið, eftir því sem þurfa þykir. Nú verður ágreiningur, um hversu viðtækt hlutverk nefndarinnar sé, og sker þá skipulagsstjórn úr. Hlutverk fulltrúa varnamáladeildar skal jafnframt vera að ræða við varnaliðið um nauðsynlegar skipulagsbreytingar á varnarsvæðum Keflavíkurflugvallar, og afla samþykkis þess fyrir tillögum nefndarinnar.

3. gr.

Formaður boðar nefndina til fundar með hæfilegum fyrirvara, þegar hann telur þörf á, og ákveður fundarstað.

Fundur er lögmætur, ef formaður og helmingur annarra nefndarmanna er viðstaddur. Afl atkvæða ræður úrslitum. Þó getur nefndin ekki tekið fullnaðarákvörðun um mál, er varðar sérstaklega hagsmunum annars hvors sveitarfélagsins eða varnamáladeildar og fulltrúar (fulltrúi) þeirra lýsa sig andvíga þeirri ákvörðun.

Nefndin skal halda gerðabók, og skal formaður og ritari undirrita hana í fundarlok eða á næsta fundi. Sá fundarmaður, sem ósamþykktur er ákvörðun meiri hlutans, á rétt á að fá stutta athugasemd um skoðun sína færða í bókina.

4. gr.

Aðalskipulag skal gert í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 217 frá 25. okt. 1966, um gerð skipulagsáætla.

5. gr.

Með samþykki skipulagsstjórnar getur skipulagsnefnd ráðið sér starfslið til aðstoðar, en að öðru leyti veitir skipulagsskrifstofa ríkisins nauðsynlega aðstoð.

6. gr.

Þegar skipulagsnefnd hefur samþykkt tillögu að aðalskipulagi svæðisins eða þess hluta, sem hún telur ástæðu til að taka til meðferðar að svo stöddu, sendir hún tillöguna ásamt rökstuddri greinargerð til skipulagsstjórnar.

Um meðferð tillögunnar eftir að hún er komin í hendur skipulagsstjórnar, fer samkvæmt ákvæðum skipulagslaga.

7. gr.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist þannig, að hvort sveitarfélaganna, sem aðild á að nefndinni og varnamáladeild, greiða í upphafi kr. 5000.00. Í árslok gerir nefndin síðan tillögu um skiptingu kostnaðar að öðru leyti. Ef ekki næst samkomulag allra aðila, sker ráðherra úr að fengnum tillögum skipulagsstjórnar.

8. gr.

Stefnt skal að því, að nefndin ljúki störfum fyrir árslok 1969. Ef nefndin óskar og gildar ástæður þykja til, getur ráðherra framlengt starfstímabil nefndarinnar, þó ekki lengur en 6 mánuði í senn.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 5. mgr. 3. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 3. apríl 1968.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

6. apríl 1968.

Nr. 112.

REGLUGERÐ

fyrir Rafmagnsveitur ríkisins.

A. Stjórn og rekstur.

1. gr.

Markmið Rafmagnsveitna ríkisins.

Rafmagnsveitur ríkisins er fyrirtæki, sem ríkisstjórnin starfrækir samkvæmt ákvæðum Orkulaga nr. 58/1967, til þess að afla raforku, flytja hana, dreifa henni og selja til héraðsrafmagnsveitna og beint til notenda á þeim svæðum, sem ráðherra raforkumála ákveður.

Rafmagnsveiturnar eru eign ríkisins, en reknar sem sjálfstætt fyrirtæki.

2. gr.

Verksvið og orkuveitusvæði.

Rafmagnsveitur ríkisins afla raforku með því að vinna hana í eigin orkuverum eða orkuverum, sem þær eru meðeigendur að, eða kaupa hana af öðrum raforkuframleiðendum. Þær flytja raforkuna um eigin aðalorkuveitur eða orkuveitur annarra til dreifingarsvæðanna. Þær selja raforku í heildsölu til annarra héraðsrafmagnsveitna og dreifa raforku um eigin orkuveitusvæði og selja hana þar einstökum notendum í smásölu.

Rafmagnsveitur ríkisins hafa einkarétt til að dreifa og selja raforku á núverandi orkuveitusvæðum þeirra.

Ráðherra ákveður staðartakmrök hvers orkuveitusvæðis Rafmagnsveitna ríkisins.

3. gr.

Yfirstjórn og framkvæmdastjórn.

Yfirstjórn Rafmagnsveitna ríkisins er í höndum þess ráðherra, sem fer með raforkumál.

Rafmagnsveitustjóri ríkisins er forstjóri rafmagnsveitnanna og hefur, í umboði ráðherra, á hendi stjórn á rekstri þeirra og framkvæmdum.